




MAT Á ÚTKEYRSLUM TVEGGJA AKREINA HRINGTORGA

SÉRÍSLENSKUR RÉTTUR VINSTRI AKREINAR UMFRAM HÆGRI



Höfundur: Katrín Halldórsdóttir
Leiðbeinandi: Haraldur Sigþórsson

24. september 2007



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Töflu- og myndaskrá.....	3
Inngangur.....	5
Gagnaöflun	8
Úrvinnsla	9
Niðurstöður	11
Melatorg	11
Hringbraut SA.....	13
Suðurgata NA.....	15
Hringbraut NV.....	17
Suðurgata SV.....	19
Suðurlandsvegur-Breiðholtsbraut	21
Suðurlandsvegur NV.....	23
Breiðholtsbraut.....	25
Suðurlandsvegur SA.....	27
Hafnarfjörður	29
Fjarðarhraun S.....	31
Flatahraun A.....	33
Bæjarhraun.....	35
Fjarðarhraun N.....	37
Flatahraun V.....	39
Þýsk aðferð til að reikna umferðarrýmnd hringtorga	41
Lokaorð	47
Heimildir	50
Viðaukar	52
Kort	52
Melatorg.....	52
Suðurlandsvegur-Breiðholtsbraut.....	53
Hafnarfjörður.....	54
Töflur	56
Melatorg.....	56
Suðurlandsvegur-Breiðholtsbraut.....	64
Hafnarfjörður.....	67

Töflu- og myndaskrá

Tafla 1: Ökutækjum breytt í fólksbílaeiningar.	41
Tafla 2: Samband þjónustustigs og biðtíma ökutækja í hringtorgum.....	45
Tafla 3: Gögn fyrir Hringbraut SA.....	56
Tafla 4: Gögn fyrir Hringbraut SA, án leiðavals.....	57
Tafla 5: Gögn fyrir Suðurgötu NA.....	58
Tafla 6: Gögn fyrir Suðurgötu NA, án leiðavals.....	59
Tafla 7: Gögn fyrir Hringbraut NV.....	60
Tafla 8: Gögn fyrir Hringbraut NV, án leiðavals.....	61
Tafla 9: Gögn fyrir Suðurgötu SV.....	62
Tafla 10: Gögn fyrir Suðurgötu SV, án leiðavals.....	63
Tafla 11: Gögn fyrir Suðurlandsveg NV.....	64
Tafla 12: Gögn fyrir Suðurlandsveg NV, án leiðavals.....	64
Tafla 13: Gögn fyrir Breiðholtsbraut.....	65
Tafla 14: Gögn fyrir Breiðholtsbraut, án leiðavals.....	65
Tafla 15: Gögn fyrir Suðurlandsveg SA.....	66
Tafla 16: Gögn fyrir Suðurlandsveg SA, án leiðavals.....	66
Tafla 17: Gögn fyrir Fjarðarhraun S.....	67
Tafla 18: Gögn fyrir Fjarðarhraun S, án leiðavals.....	68
Tafla 19: Gögn fyrir Flatahraun A.....	69
Tafla 20: Gögn fyrir Flatahraun A, án leiðavals.....	70
Tafla 21: Gögn fyrir Bæjarhraun.....	71
Tafla 22: Gögn fyrir Bæjarhraun, án leiðavals.....	72
Tafla 23: Gögn fyrir Fjarðarhraun N.....	73
Tafla 24: Gögn fyrir Fjarðarhraun N, án leiðavals.....	74
Tafla 25: Gögn fyrir Flatahraun V.....	75
Tafla 26: Gögn fyrir Flatahraun V, án leiðavals.....	76
Mynd 1: Litaval fyrir Melatorg.....	9
Mynd 2: Litaval fyrir Suðurlandsveg-Breiðholtsbraut.....	9
Mynd 3: Litaval fyrir hringtorg í Hafnarfirði.....	9
Mynd 4: Litaval fyrir hlutfall umferðar inn og út úr hringtorgi.....	10
Mynd 5: Melatorg.....	11
Mynd 6: Hringbraut SA – Lágmarkskorter.....	13
Mynd 7: Hringbraut SA – Hámarkskorter.....	13
Mynd 8: Hringbrautar SA – Lágmarkskorter, án leiðavals.....	13
Mynd 9: Hringbrautar SA – Hámarkskorter, án leiðavals.....	13
Mynd 10: Suðurgata NA – Lágmarkskorter.....	15
Mynd 11: Suðurgata NA – Hámarkskorter.....	15
Mynd 12: Suðurgata NA – Lágmarkskorter, án leiðarvals.....	15
Mynd 13: Suðurgata NA – Hámarkskorter, án leiðarvals.....	15
Mynd 14: Hringbraut NV – Lágmarkskorter.....	17
Mynd 15: Hringbraut NV – Hámarkskorter.....	17
Mynd 16: Hringbraut NV – Lágmarkskorter, án leiðarvals.....	17
Mynd 17: Hringbraut NV – Hámarkskorter, án leiðarvals.....	17
Mynd 18: Suðurgata SV – Lágmarkskorter.....	19

Mynd 19: Suðurgata SV – Hámarkskorter.....	19
Mynd 20: Suðurgata SV – Lágmarkskorter, án leiðavals.....	19
Mynd 21: Suðurgata SV – Hámarkskorter, án leiðavals.....	19
Mynd 22: Hringtorg við Suðurlandsveg-Breiðholtsbraut.....	21
Mynd 23: Suðurlandsvegur NV – Lágmarkskorter.....	23
Mynd 24: Suðurlandsvegur NV – Hámarkskorter.....	23
Mynd 25: Suðurlandsvegur NV – Lágmarkskorter, án leiðavals.....	23
Mynd 26: Suðurlandsvegur NV – Hámarkskorter, án leiðavals.....	23
Mynd 27: Breiðholtsbraut – Lágmarkskorter.....	25
Mynd 28: Breiðholtsbraut – Hámarkskorter.....	25
Mynd 29: Breiðholtsbraut – Lágmarkskorter, án leiðavals.....	25
Mynd 30: Breiðholtsbraut – Hámarkskorter, án leiðavals.....	25
Mynd 31: Suðurlandsvegur SA – Lágmarkskorter.....	27
Mynd 32: Suðurlandsvegur SA – Hámarkskorter.....	27
Mynd 33: Suðurlandsvegur SA – Lágmarkskorter, án leiðavals.....	27
Mynd 34: Suðurlandsvegur SA – Hámarkskorter, án leiðavals.....	27
Mynd 35: Hringtorg við Fjarðarhraun-Flatahraun-Bæjarhraun í Hafnarfirði.....	29
Mynd 36: Fjarðarhraun S – Lágmarkskorter.....	31
Mynd 37: Fjarðarhraun S – Hámarkskorter.....	31
Mynd 38: Fjarðarhraun S – Lágmarkskorter, án leiðavals.....	31
Mynd 39: Fjarðarhraun S – Hámarkskorter, án leiðavals.....	31
Mynd 40: Flatahraun A – Lágmarkskorter.....	33
Mynd 41: Flatahraun A – Hámarkskorter.....	33
Mynd 42: Flatahraun A – Lágmarkskorter, án leiðavals.....	33
Mynd 43: Flatahraun A – Hámarkskorter, án leiðavals.....	33
Mynd 44: Bæjarhraun – Lágmarkskorter.....	35
Mynd 45: Bæjarhraun – Hámarkskorter.....	35
Mynd 46: Bæjarhraun – Lágmarkskorter, án leiðavals.....	35
Mynd 47: Bæjarhraun – Hámarkskorter, án leiðavals.....	35
Mynd 48: Fjarðarhraun N – Lágmarkskorter.....	37
Mynd 49: Fjarðarhraun N – Hámarkskorter.....	37
Mynd 50: Fjarðarhraun N – Lágmarkskorter, án leiðavals.....	37
Mynd 51: Fjarðarhraun N – Hámarkskorter, án leiðavals.....	37
Mynd 52: Flatahraun V – Lágmarkskorter.....	39
Mynd 53: Flatahraun V – Hámarkskorter.....	39
Mynd 54: Flatahraun V – Lágmarkskorter, án leiðavals.....	39
Mynd 55: Flatahraun V – Hámarkskorter, án leiðavals.....	39
Mynd 56: Fjögurra arma hringtorg.....	42
Mynd 57: Umferðarrýmnd innkeyrslu, sem fall af umferðarmagni í hring.....	42
Mynd 58: Minnkunarstuðull vegna fótgangandi á einnar akreina innkeyrslu.....	43
Mynd 59: Minnkunarstuðull vegna fótgangandi á tveggja akreina innkeyrslu.....	44
Mynd 60: Rýmдарafgangur í fólksbílaeiningum og biðtími og þjónustustig skv. því.....	44
Mynd 61: Dæmi um einnar akreinar hringtorg með gönguleiðum við tvo arma.....	45
Mynd 62: Yfirlitsmynd af Melatorgi og af gatnamótum í grennd við það.....	52
Mynd 63: Yfirlitsmynd af hringtorgi við Suðurlandsveg-Breiðholtsbraut.....	53
Mynd 64: Yfirlitsmynd af hringtorgi við Fjarðarhraun-Flatahraun-Bæjarhraun.....	54

Inngangur

Markmið verkefnisins er að hefja vinnu við að meta hina íslensku reglu um útakstur úr tvöföldum hringtorgum, þar sem vinstri akrein á rétt umfram þá hægri, m.t.t. kosta og galla. Hugmyndin með þessu verki er að hefja undirbúningsvinnu þannig að síðar meir verði hægt að búa til aðferðir við útreikninga á rýmd útkeyrslna, tafatímum og þjónustustigi þeirra. Grundvöllur þess er að búa til öflugan gagnagrunn með umferðartölum fyrir íslensk tveggja akreina hringtorg og skoða skiptingu umferðar milli akreina sérstaklega. Til þess var safnað gögnum um nokkur íslensk torg: Melatorg; hringtorg á mótum Fjarðarhrauns, Flatahrauns og Bæjarhrauns í Hafnarfirði og hringtorg á mótum Breiðholtsbrautar og Suðurlandsvegar. Gögnin verða í framtíðinni borin saman við þýskan gagnagrunn fyrir samsvarandi hringtorg.

Ekki er til íslensk reikniaðferð til að reikna umferðarrýmd, tafatíma og þjónustustig íslenskra hringtorga. Umferðarregla um útakstur úr íslenskum tveggja akreina hringtorgum er frábrugðin því sem þekkt erlendis frá. Það er trú manna að þessi sérstaða skapi aukna umferðarrýmd.

Rétt er að geta þess að verkefnið tekur ekki á innkeyrslum, sem vanalega er mælikvarði á umferðarrýmd torga í heild. Þessi þáttur hefur að hluta til þegar verið skoðaður í eldri íslenskum heimildum og hann gæti orðið efniviður í annað verkefni þegar fram líða stundir. Þó að innkeyrslur séu hinn hefðbundni mælikvarði á rýmd torga þá skipta útkeyrslur einnig verulegu máli, sérstaklega ef umferðarmagn verður mikið. Enn fremur eru áhrifin óbein því að sú algenga erlenda regla að hægri akreinin hafi réttinn fram yfir þá vinstri hefur óumdeilanlega áhrif á akreinaföllum öllum. Sem dæmi eru umferðarþung tveggja akreina hringtorg í Þýskalandi oft með fulla hægri akrein en tóma vinstri og það eru mjög vannýtt torg. Gagnaöflun um útkeyrslur, sem fer fram nú í þessari skýrslu, getur nýst í áframhaldandi vinnu.

Markmið verkefnisins faglega er því að benda á leiðir til að meta útkeyrslur tveggja akreina torga, en geta jafnframt leitt til hönnunarlegs ávinnings og aukinnar hagkvæmni.

Höfundur þessarar skýrslu var Katrín Halldórsdóttir og leiðbeinandi var Haraldur Sigþórsson. Auk höfundar og leiðbeinenda aðstoðuðu við verkið Steinn Logi Steinsson og Sigurður Pétur Magnússon. Vegagerðin og Hafnarfjarðabær styrktu verkið.

Í viðauka eru kort og töflur. Lögð var áhersla á að hafa töflur í viðauka sem allra skýrastar til að auðvelda frekari úrvinnslu síðar.

Framkvæmd

Gagnaöflun

Farin var ferð til að velja heppileg hringtorg og fyrir valinu urðu Melatorg, gatnamót Suðurlandsvegur og Breiðholtsbrautar og gatnamót Fjarðarhrauns, Flatarhrauns og Bæjarhrauns í Hafnarfirði. Keypt var vídeóupptökuvél og þrífótur til verksins.

Haft var samband við Vinnustofuna Þverá vegna eldri gagna og lokaverkefnis Nils Schwartzkopp, sem skoðaði rýmd torga hér á landi og í Þýskalandi. Átti hann upptökur frá árinu 2005 af Melatorgi, sem teknar voru á háannatíma síðdegis. Einnig var haft samband við Þjóðarbókhöfunduna og fengið að koma vídeóupptökuvél fyrir á þakinu hjá þeim snemma einn morgun fram að hádegi. Einnig var talað við Sólark Arkitektar Hugverkshús ehf í Hafnarfirði og fengið leyfi að koma vídeóupptökuvél fyrir á svölunum hjá þeim, svo það næðist gott yfirlit yfir hringtorgið þar.

Teknir voru upp þrjár klukkutímar, árdegis, af Melatorgi, til viðbótar við það sem fengið var frá Nils. Af hringtorginu í Hafnarfirði voru teknir fimm klukkutímar, þrjár árdegis og tveir síðdegis. Ákveðið var að taka upp klukkutími á föstudegi og klukkutími á sunnudegi af helgarumferðinni, á háannatíma, við hringtorgið á gatnamótum Suðurlandsvegur og Breiðholtsbrautar.

Vel gekk að taka upp, en íhuga þurfti vel hvaða staðsetning hentaði best við hvert hringtorg, svo sjónarhorn sem fengist yrði nægilega gott til að hægt væri að vinna úr gögnunum.

Úrvinnsla

Töluverður tími fór í úrvinnslu gagnanna, enda ca. tólf klst. af efni, þar sem fylgja þurfti hverjum bíl í gegnum hringtorgin og skrá niður hvaða akrein var valin og á hvaða legg var farið út úr hringtorgunum. Alls voru 25.865 bílar taldir og greindir.

Þegar talningu var lokið var unnið úr gögnunum. Tekið var saman hversu margir bílar óku inn í hringtorgið, hvar ekið var inn í það, hvaða akrein var valin og hvar var ekið út úr því, korter í senn. Síðan var lagt saman, fyrir hvert korter, hversu margir bílar fóru um hringtorgið. Þannig var hægt að finna lágmarks- og hámarks korter fyrir hvert hringtorg. Síðan voru þessu lágmarks- og hámarks korter tekin og sett upp í skífurit, þar sem þeir bílar sem óku eftir hægri akrein voru hafðir í rauðum og gulum litartónum og þeir sem völdu vinstri akrein hafðir í bláum litartónum. Hver leggur fékk sinn lit í þeim litarblæ sem átti við eftir því hvar ekið var út.

■	Hringbraut NV
■	Suðurgata SV
■	Hringbraut SA
■	Suðurgata NA
■	Hringbraut NV
■	Suðurgata SV
■	Hringbraut SA
■	Suðurgata NA

Mynd 1: Litaval fyrir Melatorg.


■	Breiðholtsbraut
■	Suðurlandsvegur SA
■	Suðurlandsvegur NV
■	Breiðholtsbraut
■	Suðurlandsvegur SA
■	Suðurlandsvegur NV

Mynd 2: Litaval fyrir Suðurlandsveg-Breiðholtsbraut.

■	Flatahraun A
■	Bæjarhraun
■	Fjarðarhraun N
■	Flatahraun V
■	Fjarðarhraun S
■	Flatahraun A
■	Bæjarhraun
■	Fjarðarhraun N
■	Flatahraun V
■	Fjarðarhraun S

Mynd 3: Litaval fyrir hringtorg í Hafnarfirði.

Því næst var skoðað sérstaklega hlutfall umferðar inn og út úr hringtorginu á hverri akbraut, óháð leið í gegnum torgið. Lagt var saman hvað fóru margir bílar inn og út úr hringtorginu á hverjum legg fyrir sig, korter í senn. Síðan var prósentuhlutfall reiknað og sett upp í súlurit. Til að aðgreina umferðina eftir akreinum þá voru þeir sem óku eftir hægri akrein hafðir í rauðum litablæ og þeir sem óku eftir vinstri akrein voru hafðir í bláum litablæ.




Mynd 4: Litaval fyrir hlutfall umferðar inn og út úr hringtorgi.

Í lok úrvinnslu voru framkvæmdar vettfangsskoðanir til að meta hvaða áhrif nærliggjandi gatnamót hefðu á val á akreinum eftir aðstæðum og umferðarmagni. Einnig var gerður stutt úttekt á rýmd þýskra tveggja akreina torga.

Niðurstöður

Melatorg



Mynd 5: Melatorg.¹

Melatorg er tveggja akreina hringtorg þar sem tvær akreinar, í sömu akstursstefnu, liggja að og frá torginu, nema við Suðurgötu NA. Þar liggur ein akrein frá hringtorginu og tvær akreinar að hringtorginu. Hámarkshraðinn á Suðurgötu og Hringbraut er 50 km. Við þetta hringtorg er oft mikil umferð, sérstaklega í lok ágúst til byrjun maí þegar skólastarf Háskóla Íslands er á fullu. Athugað var, hvaða áhrif aðliggjandi gatnamót hafa á akreinaf. Skoðum nú hvern legg fyrir sig:

Við Hringbraut SA, rétt við Melatorg, er Bóksala Stúdenta og Félagsheimili Stúdenta með aðsetur. Ef mikil umferð er borgar það sig að velja ytri hring til að eiga greiða leið inn á bílastæðið þar fyrir framan til að komast hjá því að lenda í vandræðum með að skipta um akrein. Einnig eru teknar U-beygjur á hringtorginu til að komast þangað. T-gatnamót Sæmundargötu eru þar fyrir neðan og liggja að inngangi aðalbyggingu Háskólans. Út frá Hringbraut er miðeyja.


¹ Borgarvefsjá.

Við Suðurgötu NA rétt við Melatorg eru T-gatnamót Skothúsvegjar. En þar er ein akrein og skiptir í raun engu máli hvort innri eða ytri hringur er valinn. Út frá Suðurgötu NA er dropi.


Við Hringbraut NV, rétt við Melatorg, er stutt afrein svo hægt sé að beygja til vinstri inn Birkimel. Þar beint á móti er beygja inn Ljósvallagötu. Hún er mjög kröpp svo bílarnir þurfa að hægja vel á sér þegar þeir beygja þar inn og þar sem þar er engin afrein þá hægist á umferðinni. Líklegt að reynt sé að velja ytri eða innri hring, eftir því hvort beygja á þar inn til hægri eða vinstri, til að forðast vandræði við að skipta um akrein þegar mikil umferð er. Út frá Hringbraut NV er miðeyja.

Við Suðurgötu SV eru T-gatnamót Guðbrandsgötu, sem liggur að Þjóðarbókhöðunni og Hótel Sögu. Líklegast skiptir akreinafval ekki miklu máli hér þar sem vegalengdín frá Melatorgi að gatnamótunum er alveg nægilega löng til að geta auðveldlega skipt um akrein á háannatíma. Út frá Suðurgötu SV er miðeyja.


Hringbraut SA




Mynd 6: Hringbraut SA – Lágmarkskorter.



Mynd 7: Hringbraut SA – Hámarkskorter.



Mynd 8: Hringbrautar SA – Lágmarkskorter, án leiðavals.




Mynd 9: Hringbrautar SA – Hámarkskorter, án leiðavals.

Miðað við lágmarkskorter skiptist hlutfall milli akreina á eftirfarandi hátt: 57% velja vinstri akrein og 43% þá hægri. Miðað við hámarkskorter skiptist hlutfall milli akreina á eftirfarandi hátt: 53% velja vinstri akrein og 47% þá hægri.


Lítill munur er milli notkunar á hægri og vinstri akrein eftir því hvort það er lágmarks- eða hámarkskorter eða einungis 4 prósentustig. Fyrir fram var álitid að akreinaval skipti miklu máli með tilliti til nærliggjandi gatnamóta vegna þess hversu nálægt þau eru, miðað við umferðarmagn. Þó er ekki hægt að sjá mikla breytingu þar á miðað við þær tölur sem fengust. Líklegast sýnir fólk fyrirhyggju sama hversu mikil umferð er af reynslu, vegna þess hversu nálægt sum nærliggjandi gatnamót eru. Kannski hefur líka áhrif að umferð við þetta torg er yfirleitt alltaf mikil. Ökumenn eru að nýta akreinar þarna mjög vel og það þýðir mjög jafna dreifingu.

Þegar umferð inn og út úr Hringbraut SA er skoðuð, án leiðavals, sést það sama, þ.e. það er lítil breyting á vali akreina eftir því hvort það sé lágmarks- eða hámarkskorter. Miðað við lágmarkskorter skiptist hlutfall á eftirfarandi hátt: 27% hægri-inn, 30% vinstri-inn, 18% hægri-út og 24% vinstri-út. Miðað við hámarkskorter skiptist hlutfall á eftirfarandi hátt: 28% hægri-inn, 26% vinstri-inn, 21% hægri út og 24% vinstri-inn.


Suðurgata NA




Mynd 10: Suðurgata NA – Lágmarkskorter.



Mynd 11: Suðurgata NA – Hámarkskorter.



Mynd 12: Suðurgata NA – Lágmarkskorter, án leiðarvals.




Mynd 13: Suðurgata NA – Hámarkskorter, án leiðarvals.

Miðað við lágmarkskorter skiptist hlutfall milli akreina á eftirfarandi hátt: 61% velja vinstri akrein og 39% þá hægri. Miðað við hámarkskorter skiptist hlutfall milli akreina á eftirfarandi hátt: 36% velja vinstri akrein og 64% þá hægri.


Mikill munur er milli notkunar á hægri og vinstri akrein miðað við lágmarks- eða hámarkskorter eða 25 prósentustig. Á lágmarkskorteri er meiri notkun á vinstri akrein, en á hámarkskorteri er meiri notkun á hægri. Þar sem umferð á þessum legg er töluvert minni heldur en á hinum leggjunum þá hefur umferðin á hinum leggjunum áhrif á hegðun akreinavals.

Þegar umferð inn og út úr Suðurgötu NA er skoðuð, án leiðavals, sést að miðað við lágmarkskorter skiptist hlutfall á eftirfarandi hátt: hægri-inn 19%, vinstri inn 27%, hægri-út 21% og vinstri-út 33%. Miðað við hámarkskorter skiptist hlutfall á eftirfarandi hátt: hægri-inn 25%, vinstri-inn 29%, hægri-út 30% og vinstri-út 17%. Miðað er við hægri og vinstri akrein út úr torginu, en á Suðurgötu tekur bara ein akrein við. Þetta getur haft mikil áhrif á akreinaval í þá veru að auka notkun innri akreinar torgsins og sér í lagi ef umferð er mikil.


Hringbraut NV




Mynd 14: Hringbraut NV – Lágmarkskorter.



Mynd 15: Hringbraut NV – Hámarkskorter.



Mynd 16: Hringbraut NV – Lágmarkskorter, án leiðarvals.



Mynd 17: Hringbraut NV – Hámarkskorter, án leiðarvals.


Miðað við lágmarkskorter skiptist hlutfall milli akreina á eftirfarandi hátt: 62% velja vinstri akrein og 38% þá hægri. Miðað við hámarkskorter skiptist hlutfall milli akreina á eftirfarandi hátt: 65% velja vinstri akrein og 35% þá hægri.

Lítill munur milli notkun á hægri og vinstri akrein eftir því hvort það sé lágmarks- eða hámarkskorter eða einungis 3 prósentustig. Hérna spilar örugglega einnig inn í að ökumenn sýna fyrirhyggju við akreinafali af reynslu. Vinstri akrein er meira notuð.


Þegar umferð inn og út úr Hringbraut NV er skoðuð, án leiðavals, sést að miðað við lágmarkskorter skiptist hlutfall á eftirfarandi hátt: hægri-inn 21%, vinstri inn 22%, hægri-út 22% og vinstri-út 33%. Miðað við hámarkskorter skiptist hlutfall á eftirfarandi hátt: hægri-inn 25%, vinstri-inn 20%, hægri-út 20% og vinstri-út 35%.

Sjá má að akreinafali ökumanna á Hringbraut báðu megin við torgið er nokkuð stöðugt akreinafali og ekki mjög háð umferð á götunni sjálfri.


Suðurgata SV




Mynd 18: Suðurgata SV – Lágmarkskorter.



Mynd 19: Suðurgata SV – Hámarkskorter.



Mynd 20: Suðurgata SV – Lágmarkskorter, án leiðavals.



Mynd 21: Suðurgata SV – Hámarkskorter, án leiðavals.

Miðað við lágmarkskorter skiptist hlutfall milli akreina á eftirfarandi hátt: 28% velja vinstri akrein og 72% þá hægri. Miðað við hámarkskorter skiptist hlutfall milli akreina á eftirfarandi hátt: 33% velja vinstri akrein og 67% þá hægri.

Lítill munur á notkun vinstri og hægri akreinar eftir því hvort það sé lágmarks- eða hámarkskorter eða 5 prósentustig. Hérna spilar örugglega einnig inn í að ökumenn sýna fyrirhyggju við akreinafali af reynslu. Meiri notkun á hægri akrein.

Þegar umferð inn og út úr Suðurgötu SV er skoðuð, án leiðavals, sést að miðað við lágmarkskorter skiptist hlutfall á eftirfarandi hátt: hægri-inn 13%, vinstri inn 36%, hægri-út 37% og vinstri-út 14%. Miðað við hámarkskorter skiptist hlutfall á eftirfarandi hátt: hægri-inn 13%, vinstri-inn 33%, hægri-út 36% og vinstri-út 18%.

Almennt má segja um Melatorg að fleiri nota vinstri akreinina en þá hægri. Þó er Suðurgata SV undantekning, þar er hægri algengari.

Suðurlandsvegur-Breiðholtsbraut



Mynd 22: Hringtorg við Suðurlandsveg-Breiðholtsbraut.²


Við gatnamót Suðurlandsvegur og Breiðholtsbrautar er tveggja akreina hringtorg þar sem tvær akreinar, í sömu akstursstefnu, liggja að og frá torginu. Þessar akreinar sameinast svo fljótlega í eina akrein, hver akstursstefna. Hámarkshraði á Breiðholtsbraut er 70 km, hámarkshraði Suðurlandsvegur er 80 km. Þetta er aðalleiðin úr út Reykjavík í austurátt og því oft mikil umferð við þetta hringtorg, sérstaklega um helgar. Einnig hefur umferð aukist talsvert á virkum dögum þar sem ný íbúðarhverfi hafa verið að rísa við Elliðaárvatn.

Þar sem tvöföldu akreinarinnar verða svo fljótt að einföldum akreinum þá er líklegt að ökumenn velji frekar ytri akrein, til að komast hjá því að þurfa skipta um akrein þegar þeir eru komnir út úr hringtorginu. Augljóslega hafa nærliggjandi gatnamót engin áhrif á akreinaval, en þó er gerð stuttlega grein fyrir þeim í þessari skýrslu:


² Borgarvefsjá.

Út frá Suðurlandsbraut NV er dropi. Töluvert langt er í næstu gatnamót, en þau eru mislæg og liggja að nýja Morgunblaðahúsinu og Árbæjarhverfi. Út frá Suðurlandsveg A er einnar akreina hringtorg inn í nýja Vaðhverfið. Við þennan veg er dropi. Við Breiðholtsbraut eru X-gatnamót með ljósum. Á hægri hönd er Árbæjarhverfi og á vinstri hönd er Vaðhverfi. Út frá Breiðholtsbraut er miðeyja.


Suðurlandsvegur NV




Mynd 23: Suðurlandsvegur NV – Lágmarkskorter.



Mynd 24: Suðurlandsvegur NV – Hámarkskorter.



Mynd 25: Suðurlandsvegur NV – Lágmarkskorter, án leiðavals.




Mynd 26: Suðurlandsvegur NV – Hámarkskorter, án leiðavals.

Miðað við lágmarkskorter skiptist hlutfall milli akreina á eftirfarandi hátt: 38% velja vinstri akrein og 62% þá hægri. Miðað við hámarkskorter skiptist hlutfall milli akreina á eftirfarandi hátt: 46% velja vinstri akrein og 54% þá hægri.


Lítill munur á notkun vinstri og hægri akreinar eftir því hvort það sé lágmarks- eða hámarkskorter eða 8 prósentustig. Hérna spilar örugglega inn í að ökumenn sýna fyrirhyggju við akreinafval af reynslu. Meiri notkun á hægri akrein.

Þegar umferð inn og út úr Suðurlandsvegi NV er skoðuð, án leiðavals, sést að miðað við lágmarkskorter skiptist hlutfall á eftirfarandi hátt: hægri-inn 30%, vinstri inn 25%, hægri-út 28% og vinstri-út 17%. Miðað við hámarkskorter skiptist hlutfall á eftirfarandi hátt: hægri-inn 20%, vinstri-inn 19%, hægri-út 33% og vinstri-út 28%.


Breiðholtsbraut




Mynd 27: Breiðholtsbraut – Lágmarkskorter.



Mynd 28: Breiðholtsbraut – Hámarkskorter.



Mynd 29: Breiðholtsbraut – Lágmarkskorter, án leiðavals.




Mynd 30: Breiðholtsbraut – Hámarkskorter, án leiðavals.

Miðað við lágmarkskorter skiptist hlutfall milli akreina á eftirfarandi hátt: 49% velja vinstri akrein og 51% þá hægri. Miðað við hámarkskorter skiptist hlutfall milli akreina á eftirfarandi hátt: 43% velja vinstri akrein og 57% þá hægri.


Lítill munur er á notkun vinstri og hægri akreinar eftir því hvort það sé lágmarks- eða hámarkskorter eða 6 prósentustig. Hérna spilar örugglega einnig inn í að ökumenn sýna fyrirhyggju við akreinafari af reynslu. Örlítið meiri notkun er á hægri akrein.

Þegar umferð inn og út úr Breiðholtsbraut er skoðuð, án leiðavals, sést að miðað við lágmarkskorter skiptist hlutfall á eftirfarandi hátt: hægri-inn 23%, vinstri inn 41%, hægri-út 19% og vinstri-út 18%. Miðað við hámarkskorter skiptist hlutfall á eftirfarandi hátt: hægri-inn 34%, vinstri-inn 8%, hægri-út 33% og vinstri-út 25%.


Suðurlandsvegur SA




Mynd 31: Suðurlandsvegur SA – Lágmarkskorter.



Mynd 32: Suðurlandsvegur SA – Hámarkskorter.



Mynd 33: Suðurlandsvegur SA – Lágmarkskorter, án leiðavals.



Mynd 34: Suðurlandsvegur SA – Hámarkskorter, án leiðavals.


Miðað við lágmarkskorter skiptist hlutfall milli akreina á eftirfarandi hátt: 62% velja vinstri akrein og 38% þá hægri. Miðað við hámarkskorter skiptist hlutfall milli akreina á eftirfarandi hátt: 27% velja vinstri akrein og 73% þá hægri.

Frekar mikill munur er á notkun vinstri og hægri akreinar eftir því hvort það sé lágmarks- eða hámarkskorter eða 35 prósentustig. Á lágmarkskorteri er meiri notkun á vinstri akrein, en á hámarkskorter er meiri notkun á hægri. Þegar umferðin er orðin mikil eru ökumenn eflaust hræddir við að læsast á vinstri akrein þegar út úr torginu er komið og velja því frekar hægri akreinina.

Þegar umferð inn og út úr Suðurlandsvegur SA er skoðuð, án leiðavals, sést að miðað við lágmarkskorter skiptist hlutfall á eftirfarandi hátt: hægri-inn 19%, vinstri inn 19%, hægri-út 23% og vinstri-út 38%. Miðað við hámarkskorter skiptist hlutfall á eftirfarandi hátt: hægri-inn 36%, vinstri-inn 31%, hægri-út 24% og vinstri-út 10%.

Þegar umferðin er orðin mikil í gegnum þetta hringtorg þá nota ökumenn mun meira hægri akreinina heldur en þá vinstri. En það þarf ekki að koma á óvart þar sem vinstri akrein dettur út á öllum akbrautum eftir að út úr hringtorginu er komið. En það gæti líka skipt máli að hringtorgið er einungis þriggja arma.

Hafnarfjörður



Mynd 35: Hringtorg við Fjarðarhraun-Flatahraun-Bæjarhraun í Hafnarfirði.³

Við gatnamót Fjarðarhrauns, Flatahrauns og Bæjarhrauns í Hafnarfirði er tveggja akreina hringtorg. Við Fjarðarhraun S og N liggja tvær akreinar, í sömu akstursstefnu, að og frá hringtorginu. Við Bæjarhraun og Flatahraun A liggur ein akrein inn í og frá hringtorginu. Við Flatahraun V liggur ein akrein frá hringtorginu, en tvær akreinar, í sömu akstursstefnu, að því. Hámarkshraðinn við Bæjarhraun og Flatahraun er 50 km, en við Fjarðarhraun er 60 km. Við þetta hringtorg er oft mikil umferð. Hér á eftir er fjallað um hvaða áhrif aðliggjandi gatnamót hafa á akreinafari. Skoðum nú hvern legg fyrir sig:

Við Fjarðarhraun S liggur afreið að T-gatnamótum Reykjanesbrautar. Alveg næg vegalengd er frá hringtorginu og að gatnamótunum til að skipta um akrein ef þarf. Þessi gatnamót hafa því ekki mikil áhrif á akreinafari. Út frá Fjarðarhrauni S er miðeyja.

Við Flatahraun A er ein akrein í hverja akstursstefnu. Því hafa nærliggjandi gatnamót engin áhrif á akreinafari við þessa götu. Út frá Flatahrauni A er dropi.


³ Borgarvefsjá.

Bæjarhraun liggur meðfram Fjarðarhrauni N. Hún er eins konar innskot í fjögurra arma hringtorg. Gatan er ein akrein, í hverja akstursstefnu, og því hafa nærliggjandi gatnamót engin áhrif á akreinafni. Út frá Bæjarhrauni er dropi.


Á Fjarðarhrauni N við hringtorgið eru tvær akreinar, í sömu akstursstefnu, sem sameinast fljótlega í eina akrein, hver akstursstefna. Stutt við hringtorgið eru T-gatnamót inn í Hjallahraun. Vinstri akreinin frá hringtorginu virkar sem einskonafræin. Því er líklegt að þeir sem ætli að beygja þar inn reyni að velja þá akrein. Út frá Fjarðarhrauni N er dropi.

Við Flatahraun V eru tvær akreinar, í sömu akstursstefnu, inn í hringtorgið, en ein akrein út úr því. Því hafa nærliggjandi gatnamót engin áhrif á akreinafni við þessa götu. Út frá Flatahrauni V er miðeyja.


Fjarðarhraun S




Mynd 36: Fjarðarhraun S – Lágmarkskorter.



Mynd 37: Fjarðarhraun S – Hámarkskorter.



Mynd 38: Fjarðarhraun S – Lágmarkskorter, án leiðavals.




Mynd 39: Fjarðarhraun S – Hámarkskorter, án leiðavals.

Miðað við lágmarkskorter skiptist hlutfall milli akreina á eftirfarandi hátt: 58% velja vinstri akrein og 42% þá hægri. Miðað við hámarkskorter skiptist hlutfall milli akreina á eftirfarandi hátt: 56% velja vinstri akrein og 44% þá hægri.


Lítill munur á notkun vinstri og hægri akreinar eftir því hvort það sé lágmarks- eða hámarkskorter eða 2 prósentustig. Hérna spilar örugglega einnig inn í að ökumenn sýna fyrirhyggju við akreinafali af reynslu. Vinstri akrein er meira notuð.

Þegar umferð inn og út úr Fjarðarhrauni S er skoðuð, án leiðavals, sést að miðað við lágmarkskorter skiptist hlutfall á eftirfarandi hátt: hægri-inn 29%, vinstri inn 24%, hægri-út 20% og vinstri-út 28%. Miðað við hámarkskorter skiptist hlutfall á eftirfarandi hátt: hægri-inn 27%, vinstri-inn 23%, hægri-út 22% og vinstri-út 28%.


Flatahraun A




Mynd 40: Flatahraun A – Lágmarkskorter.



Mynd 41: Flatahraun A – Hámarkskorter.



Mynd 42: Flatahraun A – Lágmarkskorter, án leiðavals.




Mynd 43: Flatahraun A – Hámarkskorter, án leiðavals.

Miðað við lágmarkskorter skiptist hlutfall milli akreina á eftirfarandi hátt: 53% velja vinstri akrein og 47% þá hægri. Miðað við hámarkskorter skiptist hlutfall milli akreina á eftirfarandi hátt: 49% velja vinstri akrein og 51% þá hægri.


Lítill munur á notkun vinstri og hægri akreinar eftir því hvort það sé lágmarks- eða hámarkskorter eða einungis 4 prósentustig. Hérna spilar örugglega einnig inn í að ökumenn sýna fyrirbyggju við akreinafali af reynslu. Frekar jafnt hlutfall milli notkunar á akreinum.

Þegar umferð inn og út úr Flatahraun A er skoðuð, án leiðavals, sést að miðað við lágmarkskorter skiptist hlutfall á eftirfarandi hátt: hægri-inn 15%, vinstri inn 35%, hægri-út 23% og vinstri-út 27%. Miðað við hámarkskorter skiptist hlutfall á eftirfarandi hátt: hægri-inn 16%, vinstri-inn 29%, hægri-út 29% og vinstri-út 27%. Miðað er við hægri og vinstri akrein út úr torginu, en á Flatahrauni A er einungis ein akrein í hverja akstursstefnu. Þetta getur haft mikil áhrif á akreinafali og sér í lagi ef umferð er mikil.


Bæjarhraun




Mynd 44: Bæjarhraun – Lágmarkskorter.



Mynd 45: Bæjarhraun – Hámarkskorter.



Mynd 46: Bæjarhraun – Lágmarkskorter, án leiðavals.




Mynd 47: Bæjarhraun – Hámarkskorter, án leiðavals.

Miðað við lágmarkskorter skiptist hlutfall milli akreina á eftirfarandi hátt: 58% velja vinstri akrein og 42% þá hægri. Miðað við hámarkskorter skiptist hlutfall milli akreina á eftirfarandi hátt: 82% velja vinstri akrein og 18% þá hægri.


Frekar mikill munur er á notkun vinstri og hægri akreinar eftir því hvort það sé lágmarks- eða hámarkskorter eða 24 prósentustig. Vinstri akrein er meira notuð.

Þegar umferð inn og út úr Bæjarhrauni er skoðuð, án leiðavals, sést að miðað við lágmarkskorter skiptist hlutfall á eftirfarandi hátt: hægri-inn 8%, vinstri inn 17%, hægri-út 31% og vinstri-út 44%. Miðað við hámarkskorter skiptist hlutfall á eftirfarandi hátt: hægri-inn 8%, vinstri-inn 5%, hægri-út 39% og vinstri-út 49%. Miðað er við hægri og vinstri akrein út úr torginu, en á Bæjarhrauni er einungis ein akrein í hverja akstursstefnu. Þetta getur haft mikil áhrif á akreinafali þannig, að auka notkun vinstri akreinar og sér í lagi ef umferð er mikil.


Fjarðarhraun N




Mynd 48: Fjarðarhraun N – Lágmarkskorter.



Mynd 49: Fjarðarhraun N – Hámarkskorter.



Mynd 50: Fjarðarhraun N – Lágmarkskorter, án leiðavals.




